



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Barnaheimilið Ós

2020 – 2021



### Leikur, gleði og samvera

#### Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
Einkunarorð .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Hornsteinar.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
1.1 Veturinn sem leið .....	3
1.1.1 Faglegt starf .....	3
1.1.2 Starfsdagar.....	5
1.1.3 Ungbarnakjarninn.....	5
1.1.4 Samkomubannið og ansk... veiran.....	6
2 Innra mat .....	7
2.1 Lóukjarni, innra mat .....	7
2.2 Kríukjarni, innra mat.....	8
2.3 Krummakjarni, innra mat .....	9
3 Ytra mat.....	10
4 Veturinn framundan.....	11
4.1 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	11
4.1.1 Starfsþróun .....	11
4.1.2 Innra mat .....	11
4.2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
4.3 Foreldrasamvinna .....	12
4.4 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
5 Fylgigögn.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
5.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>




## Leiðarljós leikskólans:

Einkunnarorð

Samvera, leikur og gleði

Hornsteinar



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

### 1.1 Veturinn sem leið

Skólaárið 2019-2020 var viðburðaríkt eins og þau fyrri á Ósi. Fullmannað var í byrjun annar og meira og minna sama starfsfólk og var veturinn áður. Ós er enn að aðlaga starf sitt eftir flutningana frá Bergþórugötunni og var það sérstaklega áþreifanlegt þennan veturinn því að það var enginn skólahópur, sá árgangur nánast hvarf af Ósi þegar að leikskólinn flutti. Eftir tvö frekar stormasöm ár gekk veturinn í held sinni vel og voru það sáttar fóstur sem að fóru í sumarfrí í enda júní.

#### 1.1.1 Faglegt starf

Okkar aðal markmið fyrir veturinn var að hella okkur af fullum krafti í gerð nýrrar námskrár og eins og áður hefur komið fram að þá þurfti að byrja alveg frá grunni því að skólinn hefur í raun verið án nokkurskonar stefnu í nokkurn tíma. Aðal áherslan í vinnunni er að námskráin sé með skýra tengingu við dagsplön hvers kjarna og að aðferðir séu í samræmi við stefnu skólans og grunnþætti menntunar. Í upphafi skólaársins var farið yfir hvernig grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá endurspegluðust og kæmu fram í okkar dagshrynjandi og verkáætlunum og upp úr því farið í það að skýra og greina dagsplan hvers kjarna. Einnig var farið í samstarf við foreldra varðandi faglegt starf og námskrágerð en nánar er fjallað um það í kafla 5.



Dagshrynjandi og vikuhrynjandi voru sett upp fyrir hvern kjarna og einnig hvern starfsmann. Í vinnunni við dagsplönin var rýnt í daginn í heild og fundin staður og stund fyrir þá námsþætti sem að við höfum ákveðið að leggja áherslu á hér á Ósi.

En þeir eru:

### **Samvera**

-Söngstundir, sögustundir, hugleiðsla, hvíld, samvinnan með foreldrum, hópleikir og daglegar athafnir svo sem matartímar, hreinlætisvenjur, umgengni um húsið og hvernig farið er um húsið.

### **Hópatímar**

-í hópatímum er lögð áhersla á samvinnu, sköpun, tilraunir og læsi.

### **Útivera**

-Leikur og samvera á útisvæði leikskólans, göngutúrar og vettvangsferðir.

### **Leikurinn**

-Lögð er áhersla að sjálfssprotni leikurinn hafi sinn fasta tíma í dagsplaninu og einnig sitt rými og viðeigandi efnivið. Einnig er hlutverk kennara skýrt á meðan leik barnanna stendur. Einnig er stefnt að því að kynna sér leik barna í öllum þeim verkefnum sem að unnin eru af börnunum í leikskólanum.

### **Leikir með ýmsan efnivið**

-Bílar, púsl, ýmiskonar kubbar, dýr, bækur, perlur, búdot og annar opinn efniviður. Leitast er við að hafa til taks efnivið sem eflir á fínhreyfingar og leiki sem að efla einbeitingu, gleði og samveru og samvinnu.

### **Hreyfing**

-Útivera, göngutúrar, vettvangsferðir, hópleikir, þrautabrautir og önnur skipulögð hreyfing inni og úti.

Grunnþættir menntunar fléttast síðan inn í alla námsþættina annað hvort sem markmið eða leið að markmiðum og einnig getur hver og einn grunnþáttur sinnt báðum hlutverkum í hverjum og einum námsþætti.

Hver námsþáttur á sinn stað í dagsplaninu en einnig getur einhverjum námsþætti verið sinnt á öðrum tíma en honum er ætlað en það fer eftir veðri, árstíð og viðburðum hverju sinni. Til dæmis ef að það er það vont veður og ekki hægt að vera úti að þá er farið frekar í hreyfingu eða leiki.



Þessi rýnivinna hefur farið fram síðan Ós flutti og höfum við tekið okkur nægan tíma til þess að ígrunda hvern námsþátt fyrir sig og stöðu hans og stað í deginum. Aðallega hefur verið tekið tillit til þess hvernig formi börnin eru yfir daginn. Til dæmis er ekki skynsamlegt að ætlast til þess að börnin séu saman í hóp í sjálfssprotnum leik þegar líða tekur á seinnipart dags. Í þannig leik reynir á samvinnu, útsjónarsemi og ímyndunaraflíð og því er ekki gott að börnin séu of þreytt. Einnig er alltaf gott að fara út fyrir hádegi því þá er matarlystin svo góð og einnig hvílast börnin betur.

Það er því að mörgu að huga þegar sett er upp ný stefna og ný námskrá er í mótnun. Einnig hefur margt og mikið komið upp á til þess að tefja þetta ferli eins og gengur og gerist í leikskólum svona eins og starfsmanna skipti og ýmis mál sem að krefjast mikillar orku en segja má að þau mál hafi einnig hjálpað til við námsskrárvinnuna og hjálpað okkur að sjá hlutina út frá víðara sjónarhorni.

### 1.1.2 Starfsdagar

Starfsdagur á vorönn var notaður til þess að heimsækja leikskóla og var farið í leikskólann Regnbogann uppi í Árbæ og var ætlunin að fræðast og forvitnast um skráningu og sköpun. Það var tekið vel á móti okkur og farið með okkur í skoðunarferð um allan skólann. Það sem stóð eftir hjá starfsfólkinu var hversu skráningin er komin langt á veg í Regnboganum og lærðum við margt á því að sjá hvernig hún fer þar fram. Einnig var farið í Waldorf leikskólann Yl Lækjarbotnum. Þar fékk starfsfólkið tækifæri á að til þess að athuga hvernig umhverfi og aðstæður geta haft góð áhrif á leikskólastarf og einnig forvitnast hvernig sögustundir og söngvar eru notaðir í waldorf skólum í læsiskennslu. Einnig fengum við aðstöðu til þess að setjast þar niður og halda fund. Það er yndislegt að vera í þessu fallega umhverfi sem að Lækjabotnar hafa uppá að bjóða og var það einmitt það sem að starfsfólkið tók helst með sér frá þessari heimsókn. Þessar heimsóknir gengu mjög vel og er áætlað að vinna áfram með þá þætti sem að við sáum og lærðum.

Annars voru starfsdagarnir notaðir til þess að fara yfir daginn rýna í einstök börn og fara yfir starfsaðstöðuna.

### 1.1.3 Ungbarnakjarninn

Það sem aðallega einkenndi þó síðasta skólaár var að í september opnuðum við ungbarnakjarna á Ósi. Við fengum leyfi fyrir 7 börnum á aldrinum 12 – 18 mánaða og fylltust plássin strax enda þörfin mikil. Ungbarnakjarninn er staðsettur á fyrstu hæð eða á Lóukjarna en ákveðið var að taka yngsta kjarnann á Ósi undir ungbarnakjarnann og þetta raðirnar á eldri kjörnunum. Um vorið voru síðan komin inn 9 börn sem að fóru í gegnum ungbarnakjarnann.

Það er okkar mat að þetta hafi gengið mjög vel. Stofnaður var Krílahópur sem í voru foreldrar sem áttu pláss á Lóukjarna og sáu þau um að finna til húsgögn og annað fyrir kjarnann ásamt



leikskólastjóra. Það eina sem okkur þykir vanta er aðstaða fyrir vagna utandyra en við náðum að gera hvíldina svo notalega að það kom varla að sök.

Við erum staðráðin í að halda áfram á þessari braut þó eigum við eftir að sjá hvernig kjarninn mun hafa áhrif á fjölda innan árganga og þannig áhrif inn í skólann allan. Ungbarnakjarninn gerir Ós heimilislegri og gefur fjölskyldum tækifæri á að vera með börnin á sama stað alla leikskólagönguna og það finnst okkur Ósurum mjög dýrmætt og samræmist þetta fyrirkomulag okkar áherslum og sérstöðu mjög vel.

#### 1.1.4 Samkomubannið og ansk... veiran.

Svo var það auðvitað COVIDið. Okkur tókst að halda skólanum opnum alla daga fyrir öll þau börn sem að kusu að vera í skólanum sínum á meðan að samkomubannið var í gildi. Við gerðum þetta með því að nota báða innganga hússins sem fataklefa, útbúa aðra kaffistofu og svo skiptum við húsinu, starfsfólki og börnum upp í tvö hólf. Börnunum var skipt í hópa eftir því hvort þau væru í forgangshópi og síðan höfðum við systkini saman. Þetta gekk mjög vel og þó að aðstaða starfsfólks væri ekki eins og best verður á kosið og vinir hittust ekki nema í gegnum gler að þá myndaðist ákveðin ró í húsinu. Allt var svo skýrt, börnin mættu alltaf á sama tíma og dagskipulagið og dags hrynjandin urðu rólegri. Þetta hefði þó ekki getað gengið miklu lengur án þess að veruleg þreyta hefði gert var við sig en það var eitthvað sem að gerðist til þess að allir Ósarar hugsuðu aðeins öðruvísi um þetta fyrirbæri sem að leikskólinn er, tilgang leikskólahalds og innihald leikskólanáms.



## 2 Innra mat

Við á Ósi erum svolítið að endurhugsa hvernig innra mat skólans er framkvæmt. Eftir breytingar síðustu ára er nauðsynlegt að hugsa hlutina upp á nýtt, fá nýtt sjónarhorn og færa okkur til núverandi aðferða. Þetta hefur mætt nokkrum afgangi hjá okkur en er þó allt að koma og við erum komin í mats gírinn enda erum við nokkuð spennt að sjá hvernig allar þessar breytingar hafa haft áhrif og gott verður að sjá á svörtu og hvítu hvernig okkur gengur.

### 2.1 Lóukjarni, innra mat

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Rými kjarnans	Gera rýmið sem hentugast ungabörnum	Reglulegir kjarnafundir með og án leikskólastjóra. Skoðun á umhverfi kjarnans og skráning.	Sigrún, Agla og Ásta	Ágúst '20	Maí '20	Starfsmannafundir, kjarnafundir farið yfir skráningu og fundagerðir	



## 2.2 Krúkjarni, innra mat

UMBÓTARÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Bæta samskiptaflæði á Kjarna	Að allir starfsmenn kjarnans séu með í ákvarðana tökum og fá allar upplýsingar sem fyrst	Reglulegir kjarnafundir með og án leikskólastjóra	Birkir	Ágúst 2020	Máí 2020	Starfsmannafundur, kjarnafundur farið yfir skráningu og fundagerðir	Upplýsingar um innra mat.
Sjálfsprotinn leikur	Dýpka skilning á sjálfsprottn um leik.	Ígrunda og fylgjast með því sem að gerist í leik barna. Starfsmannafun dir, fyrirlestar, lesefni og skráningar.	Birkir	Ágúst 2020	Máí 2020	Starfsmannafun dir, farið yfir skráningar og starfsmannavið töl	Upplýsingar og efni um leikinn.





## 2.3 Krummakjarni, innra mat

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Faglegt starf	Færa starfið nær þeim markmiðum sem sett eru í gerð námskrár	Fara yfir aðal námsþætti skólans með markmið hvers og eins í huga með hliðsjón af markmiðum skólans og grunnþáttum menntunar.	Sigrún, Haraldur og Camila.	Ágúst '20	Mái '20	Starfsmannafundur, kjarnafundur farið yfir skráningu og fundagerðir. Lesa og safna sér efni um grunnþætti, sköpun, leik og læsi.	Aðalnámskrá og efni sem varða markmiðin.



### 3 Ytra mat

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingar til foreldra	Auka upplýsinga- flæði til foreldra.	Fréttabréf, verk sýnileg, Starfið í deginum og vikunni sýnilegt	Sigrún, Camilla og Birkir	Sept'20	Mai'20	Foreldrakönn um, foreldrafundir og dagleg samskipti	Eldri kannanir.
Upplýsingar til starfsfólks	Auka upplýsingafl æði til starfsf.	Reglulegir fundir, greina- góðir póstar	Sigrún og Birkir	Spet'20	Mai'20	Starfsmanna samtölum, starfsmanna fundum.	Eldri kannanir



## 4 Veturinn framundan

### 4.1 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Það er mikil tilhlökkun fyrir komandi vetri og góð tilfinning sem fylgir frá síðasta vetri. Spannandi tímar eru framundan þar sem að ný námskrá mun líklegast fá á sig góða mynd og starfið á Ósi í nýja húsinu setjast í einhverjar skorður. Stefnumótunar- og framkvæmdahóparnir stefna að því að vinna gott starf og gaman að taka þátt í starfsfólki og foreldrar munu vinna saman að því að semja námskránnu og setja niður línurnar.

#### 4.1.1 Starfsþróun

Starfsþróun næsta árs mun að mestu leiti snúast um að rýna ofan í námsþættina og tengja þá en betur við Grunnþætti Aðalnámsskrár og fara síðan vel yfir hvern þátt og hverja námsgrein á starfsmanna fundum og starfsdögum. Stefnan er að næg þekking á starfinu muni skapast inni í starfsmannahópnum til þess að starfið verði innihaldsríkara og enn betra á Ósi.

Einnig er mikilvægt að klára að setja upp verklag og viðbragðsáætlanir næsta skólaár og koma þeim fyrir í kjarnamöppum og á viðeigandi stöðum. En ætlunin er að hver kjarni hafi sér möppu þar sem að allar verklags og viðbragðsáætlanir eru ásamt dagskipulagi, daglegum verkum, námskrá og öðru sem að nýtist í daglegu starfi inni í leikskólanum á hverjum kjarna.

Starfsfólk Óss hefur mikið verið að afla sér upplýsinga varðandi sjálfsprottin leik og hefur leikskólastjóri verið að senda efni og benda á bækur þess efnis. Einnig hefur verið farið yfir stefnur og aðferðir á starfmannafundum.

#### 4.1.2 Innra mat

Eitt af spennandi verkefnum sem eru framundan er efling starfsfólksins á kjörnum. Hugmyndin byggist á því að starfsfólk hvers kjarna veit best hvernig haga má daglegum verkefnum og á kjörnum og því er leitast eftir því að athuga alltaf fyrst eftir því hvað það er sem að starfsfólkið finnst um hvert málefni. Þetta getur snúist um allt frá hvenær í deginum er best að fara í kaffi eða hafa undirbúning til þess hvernig verklagið er á hverjum kjarna og einnig hvaða verkefni eru tekin fyrir í starfinu með börnunum. Þetta gefur starfsfólkinu tækifæri á hafa áhrif á umhverfi sitt, finna út hvað það er sem að virkar best fyrir það sjálft og kjarnann og einnig fá betra tækifæri í því hvar styrkleikar þeirra liggja. Markmiðið er að valdefla starfsfólkið svo það fái tækifæri á að láta ljós sitt skína og sjái og finni að það getur haft áhrif á vinnu umhverfi sitt með þá von að því líði betur í vinnunni sinni og í sínu daglega lífi.



Leiðir að þessu verkefni er að efla starfsmannafundi og samtöl en einnig taka saman fræðslu um samvinnu og þátttökustjórnun svo dæmi séu tekin.

Þegar þetta er komið í höfn og orðið samofið daglegu starfi og verklagi á Ósi verður farið að huga að aðkomu nema í ákvarðana tókum og skipulagi skólans í heild.

Eins og áður hefur komið fram þá höfum fórum við í heimsókn í leikskólann Regnbogann og fengum innsýn inn í skráningu á starfi barnanna og er farið af stað áttak í skráningu á starfinu á Ósi. Bæði er verið að taka fyrir skráningu á daglegu starfi og þroska barnanna en skráning þeirra barna sem að þurfa á aðstoð að halda og gera þá einstaklingsnámskrá í þeim tilvikum.

## 4.2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Síðan skólinn flutti hefur ekki verið neitt samstarf við aðra skóla en það er alltaf á planinu að hefja samstarf milli Skerjagarðs og Óss. Við leikskólastjórnarnir höfum verið í sambandi og hef ég geta leitað til hennar og annara til þess að fá stuðning og upplýsingar sem nýr stjóri. Einnig eru leikskólastjórar sjálfstættreкну skólarnir í virku sambandi sín á milli.

En frekara samstarf við Skerjagarð er sem sagt alltaf á þrjónunum og hlökkum við til að fara á fullt í það þegar að aðstæður leyfa. Einnig er samstarf við skólana í nágrenninu á döfinni og stefnt að því að heimsækja þá skóla sem að börnin í skólahópi fara í að lokinni skólagöngu á Ósi.

## 4.3 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er ein af aðaláherslum Óss og var þar engin breyting á síðast misseri og stefnt að því að gefa enn meira í á því næsta. Eins og alltaf þá hittast allir foreldrar og leikskólastjóri nánast í hverjum mánuði. Þar er farið yfir daglegt starf í leikskólanum og ákvarðanir teknar og hugað að framtíð og stefnu skólans.

Í ár var stofnaður af foreldrum stefnumótunarhópur og er hugmyndin að starf þessa hóps er að huga að framtíðarstefnumótun skólans. Einnig heldur hann utan um að kanna hug foreldra gagnvart skólanum og þeirra óskum um framtíðar starf hans og þar með styðja fagfólk skólans í nýrri námskrágerð. Stefnt er að því að foreldrar og fagfólk standi saman að nýju námskránni.

Einnig var stofnaður framkvæmda hópur. Ós er nýlega fluttur í húsið og erum við enn að sjá fullt af nýjum tækifærum sem að húsið hefur upp á að bjóða. Verkefni framkvæmda hópsins næsta vetur verður að fara yfir salinn í kjallara hússins en hann hefur upp á marga möguleika að bjóða og hvort þar verði listasmiðja eða hreyfisalur eða jafnvel bæði kemur vonandi í ljós með vorinu.



Börn og starfsfólk á Ósi hafa boðið foreldrum í haustkaffi til þess að kynna nýjum Ósurum og hrista hópinn saman en nú er stefnt að því að hafa samverudag þar sem að allir hittast saman fyrir utan skólann og hugmyndin er að fara annað hvort í skógarferð í Heiðmörk eða saman í berjamó. Það verður gaman að sjá hvernig þetta kemur út og þróast. Einnig hefur nú í tvö á verið haldin Íþróttahátíð Óss og hefur hún svo sannarlega slegið í gegn og hefur hún því hlotið sinn fasta sess í vorinu.

Fastir liðir á Ósi eru síðan alltaf eitthvað til að hlakka til hvort sem það eru atburðir eins og karla- eða konukaffi, friðarstund og jólahátíðir sem skipulagðir eru af starfsfólki og börnunum eða púkahátíð og sumarskemmtun sem að foreldrar sjá um. En það er sem sagt alltaf búist við stuði á Ósi og verður þetta skólaár engin undantekning.

F. h. Leikskólans Barnaheimilisins Óss

Sigrún Eiríksdóttir

30. nóvember 2020

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2020 – 2021

## Barnaheimilið Ós

### Umsögn foreldraráðs

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli og foreldrarnir mynda þéttan hóp sem lætur sig málefni skólans varða og tekur ákvarðanir um starfið í góðu samstarfi við leikskólastjóra. Á Ósi eru fá börn og það eykur enn á samheldni og skapar gott og heimilislegt andrúmsloft.

Starfið á Ósi er faglegt og á sama tíma tekst að skapa börnunum okkar annað heimili með yfirvegun og virðingu þar sem hvert barn fær að njóta sín á sinn hátt. Á Ósi starfar frábært starfsfólk með metnað fyrir starfinu sínu og velferð barnanna. Ánægjulegt er að sjá starfsfólkið virkjað í að nýta styrkleika sína og sérsvið til að gera lífið á Ósi enn betra. Til að mynda stunda börnin á Ósi jóga og hugleiðslu, fá metnaðarfulla myndlistarkennslu og elstu börnin læra á úkúlele. Allt eru þetta þættir sem veita skólanum sérstöðu og skapa gott umhverfi fyrir starfsfólkið.

Í heimsfaraldri COVID hafa leikskólastjóri og starfsfólk tekið mjög vel á hlutunum og lagt á sig mikla vinnu til að halda skólanum opnum svo ástandið hafi sem minnst merkjanleg áhrif á rútínu barnanna.

Foreldraráð hefur lesið skýrslu leikskólastjóra og samþykkt.

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli og því allir foreldrar sem koma að skipulagi skólans með einum eða öðrum hætti. Í stjórn Barnaheimilisins Óss eru:

Edda Halldórsdóttir, formaður  
Björn Atli Davíðsson, gjaldkeri  
Kolbrún Ýr Einarsdóttir, ritari  
Baldur Björnsson  
Benedikt Reynisson



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**







# Leikskóladagatal 2020 - 2021

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fulveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M
3 M	3 F Frídagur verslunarmanna	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Starfsdagur	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F
5 M	5 L	M	5 F	5 L	5 Þ Ós opnar	5 F	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L
6 F	6 S Ós opnar	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómanna dagurinn
7 F	7 M	7 M	7 L Foreldravíðtöl	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L Basar	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M	Sumarfrí 2. júní

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.